

Leiðarvísir

Platinum 755 / 735 / 715



VSM Group AB • SE-561 84 Huskvarna, Sweden
www.husqvarnaviking.com

412 99 26-07A • inHouse • © 2006 VSM Group AB • All rights reserved • Printed in Sweden on environmentally-friendly paper



ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

Rafmagnstenging

Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennispjaldinu.

Öryggisatriði

- Notið vélina aldrei sem leikfang.
Ef vélin er notuð af börnum eða nálægt börnum, þá verður ávallt að fylgjast vel með.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni ("0") þegar unnið er nálægt nálar svæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísir vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.
- Takið vélina ávallt úr sambandi þegar skipta þarf um peru í vélinni. Notið ávallt samskonar gerð af peru og var í vélinni, (volt og wött).

Við áskiljum okkur fullan rétt til að breyta útliti eða notkunareiginleikum vélarinnar svo og fylgihlutum hennar án fyrirvara.

Slíkar breytingar munu hins vegar ávallt verða til bóta bæði hvað vélina varðar og einnig fyrir notandann.



Vinsamlegast athugið að ef þessu tæki verður fargað, þá verður að endurvinnna það í samræmi við landslög sem gilda um förgun rafmagns/elektrónískra tækja. Ef þið eruð í vafa þá hafið samband við seljanda tækisins.



Efnisyfirlit

Kynnist Platinum vélinni

Yfirlit - vélin að framan	2
Yfirlit - vélin að aftan	3
Hólf fyrir fylgihluti	3
Fylgihlutir	3
Vélin tekin í notkun	4
Vélin tengd við rafmagn	4
Gengið frá að saum loknum	5
Hólf fyrir fylgihluti	5
Keflispinnar	6
Yfirtvinni þræddur	7
Þræðari fyrir nál	8
Tvíburanálar þræddar	9
Spólað á spóluna	10
Spólan sett í vélina	10
Spólað í gegn um nálina	11
Nálar	12
Skipt um nál	12
Saumfætur	13
Skipt um saumfót	14
Þrýstingur á saumfót	14
Fótlyftir	14
Tvinnaspenna	15
Flytjarinn tekinn úr sambandi	16



Aðgerðir og skjárinn

Snertiskjárninn	18
Val á saumum	20
Stafróf (Platinum 755)	21
Sewing Advisor (Platinum 715/735)	22
Tákn á skjá	
(Platinum 715/735)	25
Tákn á skjá	
(Platinum 755)	27
Forritun	29



Saumað

Nytjasaumar	35
Hnappagöt	44
Töluáfesting	47

2

2

3

3

3

4

4

5

5

6

7

8

9

10

10

11

12

12

13

14

14

14

15

16

17

18

20

21

22

25

27

29

33

35

44

47



Umhirða á Platinum vélinni

49


Truflanir og ráð við þeim

52




Yfirlit

54





Kynnist Platinum vélinni




Yfirlit - vélin að framan

- | | |
|--|--|
| 1 Lok | 18 Tvinnaspenna fyrir spólun |
| 2 Snerill fyrir fótþrýsting | 19 Aðal keflispinni |
| 3 Þráðgjafi | 20 Skífur til að halda tvinnakeflum |
| 4 Tvinnaspenna | 21 Stýringar fyrir spólun |
| 5 Forspenna | 22 Auka keflispinni |
| 6 Snerill fyrir tvinnaspennu | 23 Spólari |
| 7 Tengill fyrir nema á hnappagatafæti | 24 Stoppari fyrir spólun |
| 8 Ljós | 25 Tvinnahnífur fyrir spólun |
| 9 Þræðari fyrir nál | 26 Handhjól |
| 10 Nálarstöng | 27 Upplýsingar á skjá og snertiskjár |
| 11 Saumfótur | 28 Aðalrofi, tenglar fyrir rafmagn og fót-mótstöðu |
| 12 Friármur | 29 Mælistika (tommur og sentimetrar) |
| 13 Lok yfir grípara | |
| 14 Stingplata | |
| 15 Snerill til að setja flytjara í/úr sambandi | |
| 16 Fótstöng og fóthalda | |
| 17 Festiskrúfa fyrir nál | |




Yfirlit - vélín að aftan

- 30** Handfang
- 31** Fótlyftir
- 32** Tvinnahnífur
- 33** Þræðari fyrir nál



Hólf fyrir fylgihluti

- 34** Hólf fyrir fylgihluti
- 35** Hólf fyrir saumfætur
- 36** Hólf fyrir spólur



Fylgihlutir

Nálar

Spólur

Saumfætur A, B, C, D, E, J.

Saumfótur H

(aðeins með Platinum 715/735).

1/4" Bútasaumsfótur P

(aðeins með Platinum 755).

Hnappagatafótur með nema

(aðeins með Platinum 735/755).

37 Bursti

38 Áhald til að fjarlægja stingplötu
(sett á burstann)

39 Skrúfjárn

40 Sprettihnífur


41 Fjarlægðarplata

42 Spólur

43 Filtskífa

44 Áhald til að fjarlægja peru



45 Skífur fyrir tvinnakefli





Vélin tekin í notkun

- 1 Setjið vélina á borð og fjarlægjið pakkn-
ingar og lyftið lokinu.
- 2 Fjarlægjið pakknningar, fótmótstöðu og
síðan lokið.
- 3 Með vélinni fylgir poki með fylgihlutum
og rafmagnssnúra.
- 4 Strjúkið aðeins yfir vélina með þurrum
klút, sérstaklega í kring um nálarvæðið
þannig að engir blettir komi í það sem á
að sauma.




Vélin tengd við rafmagn

Með fylgihlutunum er rafmagnssnúra. Á
botni vélarinnar eru upplýsingar um raf-
spennu (V) og tíðni (Hz).

*Áður en þið tengið fótmótstöðuna þá fullvissið
ykkur um að hún sé af gerðinni “FR4” (merkt
neðan á fótmótstöðuna).*




- 1 Togið snúruna út úr mótstöðunni.
Tengið snúruna frá mótstöðunni í
fremri tengilinn á neðanverðri hægri
hlið vélarinnar.
- 2 Tengjið rafmagnssnúruna í aftari ten-
gilinn á neðanverðri hægri hlið vélarin-
nar.
- 3 Þegar þið kveikið á aðalrofanum (ON),
þá kviknar bæði á vélinni og ljósi
hennar.





Gengið frá að saum loknum

- 1 Ýtið á aðalrofann til að slökkva á vélinni.
- 2 Takið rafmagnssnúruna fyrst úr sambandi við veggtegil og síðan úr vélinni.
- 3 Vefjið snúrunni um handarbakið og setjið hana í hólfið á lokinu yfir vélina.
- 4 Takið fótstöðuna úr sambandi við vélina. Vefjið snúrunni um handarbakið og setjið hana síðan í hólfið á lokinu.
- 5 Fullvissið ykkur um að allir fylgihlutir séu á sínum stað í hólfinu. Rennið hólfinu síðan utan um fríarminn.
- 6 Setjið fótstöðuna, með neðri hlutann að ykkur, þannig að hún fari í skoruna á bakkanum fyrir fylgihlutina aftan til á vélinni.




Hólfíð fyrir fylgihlutina

Í hólfinu eru sérstök svæði fyrir saumfætur, spólur nálar og aðra fylgihluti. Geymið fylgihlutina alltaf í þessu hólfi þannig að þeir séu ávallt á sínum stað þegar á þarf að halda.

Hólfíð fjarlægt


Þegar nota á fríarminn er hólfíð fjarlægt. Þegar hólfíð er á sínum stað er lítill plas-
trókur sem heldur því föstu við vélina. Lítill hnappur á vinstra botni hólfisins (1) er notaður til að losa það og fjarlægja. Ýtið hnappnum upp á við og rennið hólfinu til vinstri.





Keflispinnar

Á vélinni eru tveir keflispinnar. Aðal keflispinni og auka keflispinni. Þeir henta fyrir allar gerðir tvinnakefla. Togið keflispinnann út á við til hægri, setjið tvinnakeflið á keflispinnann þannig að tvinninn renni réttsælis af keflinu. Rennið síðan skífu í hentugri stærð upp að keflinu (sjá að neðan) og ýtið keflispinnanum síðan aftur í lárétta stöðu.



Aðal keflispinni


Aðal keflispinnann er hægt að nota í lárétttri stöðu (tvinninn rennur af keflinu) eða í lóðréttri stöðu (tvinnakeflið snýst). Það eru tvær skífur á pinnanum, ein stór (a) og ein lítil (b). Það fer eftir því í hvaða stöðu þið hafið keflispinnann og einnig hvaða tegund af tvinnakefli þið ætlið að nota hvernig þið notið skífurnar. Notið lárétta stöðuna fyrir venjulegan tvinna og lóðréttu stöðuna fyrir stærri kefli eða sérstakan tvinna.

Lárétt staða


Þegar þið notið keflispinnann í lárétttri stöðu fyrir mjó tvinnakefli, er best að setja stóru skífuna (a) undir tvinnakeflið. Litla skífan (b) er svo sett fyrir framan það.

Ef þið notið stærri tvinnakefli er gott að setja litlu skífuna (b) undir keflið en stóru skífuna (a) fyrir framan það.

Látið flata hluta skífunnar liggja þétt upp að keflinu. Ekkert bil á að vera á milli skífunnar og keflisins.





Mjó tvinnakefli




Stór tvinnakefli

Lóðrétt staða

Þegar þið notið keflispinnann í lóðréttri stöðu, er hann togaður út til hægri. Setjið stóru skífuna á keflispinnann og setjið síðan filtskífuna undir tvinnakeflið. Þetta kemur í veg fyrir að keflið snúist of hratt.






Auka keflispinni

Auka keflispinninn er notaður t.d. þegar þarf að spóla á spóluna af öðru tvinnakefli eða þá fyrir annað tvinnakefli þegar saumað er með tvíburanál.

Þegar auka keflispinninn er notaður, setjið þið stóru skífuna og síðan filtskífu undir tvinnakeflið.



Yfirtvinninn þræddur

Þegar þið þræðið yfirtvinnann verður að aðgæta að saumfóturinn sé uppi og nálín í efstu stöðu.

- 1 Togið keflispinnann út á við. Setjið tvinnakeflið á keflispinnann með skífu fyrir framan keflið (sjá leiðbeiningar hér að framan) og gætið þess að tvinninn renni réttisæl af tvinnakeflinu. Ýtið keflispinnann aftur á sinn stað.

Haldið með hægri hendi í tvinnann nálægt tvinnakeflinu og notið vinstri hendina til að fara með tvinnann eins og örvarnar á vélinni sýna.

- 2 Þræðið tvinnann í forspennuna (a) og síðan niður á milli spenniskífanna í tvinnaspennunni (b).

- 3 Haldið áfram að þræða eins og örvarnar sýna. Þræðið hægra megin frá þegar þrætt er í raufina á þráðgjafanum.
- 4 Togið tvinnann inn í síðustu stýringuna sem er rétt fyrir ofan nálina.
- 5 Nálin er svo þrædd framan frá (sjá einnig: þræðari fyrir nál).
- 6 Setjið tvinnann undir saumfóttinn og þaðan í tvinnahnífinn - togið niður á við til að skera tvinnann.




Þræðari fyrir nál


Nálin verður að vera í efstu stöðu þegar þræðarinn er notaður, og við mælum einnig með því að saumfóturinn sé niðri.

- 1 Ýtið þræðaranum alla leið niður þannig að tvinninn krækist í stýringuna (a).
- 2 Snúid honum fram á við þar til hlífarnar á honum eru beggja megin við nálina. Við það fer krókurinn á þræðaranum í gegn um nálaraugað.
- 3 Leggidd nú tvinnann um stýringuna, síðan undir járnhlífarnar sem eru utan um nálina og þannig að tvinninn fari í krókinn sem fór í gegn um nálaraugað.
- 4 Látið nú þræðarann fara hægt og rólega til baka og þá dregur krókurinn á þræðaranum tvinnann í gegn um nálaraugað og myndar lykkju hinu megin. Togið lykkjuna síðan alveg í gegn um nálaraugað,
- 5 Setjið tvinnann undir saumfótinn og klippið hann.

Ath: Þræðarinn hentar fyrir nálar í grófleika 70-120. Ekki er hægt að nota hann á nálar í grófleika 60 eða finni, ekki á Wing-nálar (húllsaumsnálar) né tvíbura- eða þríburanálar, eða þegar verið er að nota hnappagatafótinn með nemanum.

Þegar nálin er þrædd með höndunum verður að gæta þess að þræða hana framan frá. Hvíti flöturinn á fóthöldunni gerir auðveldara að sjá nálaraugað Einnig er hægt að nota lokið yfir spólunni sem stækkunargler.






Þræðing á tvíburanál



Slökkvið á aðalrofanum.

- 1 Setjið tvíburanál í nálarhölduna. Sjá bls.12 “skipt um nál”.
- 2 Notið auka keflispinnann og annað tvinnakefli eða spólið tvinna á aðra spólu og notið hana.
- 3 **VINSTRI NÁLIN:** Þræðið eins og lýst var á bls.7 og gætið þess sérstaklega að tvinninn fari á milli innri spenniskí-fanna og inn í stýringuna fyrir ofan nálina. Þræðið vinstri nálina.
- 4 **HÆGRI NÁLIN:** Togið auka keflispinnann upp og setjið stóru skí-funa og filtskífu á hann.
- 5 Setjið tvinnakefli eða spólu með tvinna fyrir hina nálina á keflispinnann.
- 6 Þræðið vélina eins og áður var lýst, en þessi tvinni verður að vera á milli ytri spenniskífanna og fyrir utan síðustu stýringuna fyrir ofan nálina. Þræðið hægri nálina.



Spólað á spóluna

- 1 Setjið tóma spólu á spólarann og látið vörumerki Husqvarna snúa upp. Ýtið síðan niður á spólarann.
- 2 Setjið skífu og filtskífu á auka keflispinnann.
- 3 Þræðið tvinnann í fyrstu stýringuna (a), síðan undir næstu stýringu (b) og þaðan yfir í síðustu stýringuna (c) eins og sýnt er á myndinni.

Ath: Eftir gæðum tvinnans getur verið gott að snúa tvinnanum einu sinni eða tvisvar í kring um fyrstu stýringuna (a).


- 4 Snúið tvinnanum nokkra hringi réttisælis í kring um spóluna og síðan í tvinnahnífinn (d).
- 5 Stígið á fótmótstöðuna. Þegar spólan er orðin full, stöðvast spólarinn sjálfkrafa. Fjarlægjið spóluna og klippið tvinnann. Ýtið spólarann upp á við.


Spólan sett í vélina



Slökkvið á aðalrofanum.

- 1 Fjarlægjið lokið yfir gríparanum með því að renna því fram á við.
- 2 Setjið spóluna í spóluhúsið og gætið þess að vörumerki Husqvarna snúi upp og tvinninn snúi til vinstri. Spólan snýst þá rangsælis þegar togað er í tvinnann.
- 3 Setjið fingur ofan á spóluna til að halda við hana um leið og þið togið í tvinnann til hægri og síðan til vinstri inn í spennifjöðrina (a) þar til hann “smellur” á sinn stað.
- 4 Haldið áfram að þræða í kring um (b), til hægri og þaðan til vinstri í tvinnahnífinn (c). Setjið lokið aftur yfir gríparann (1) Togið tvinnann til vinstri til að klippa hann (2).





Spólað í gegn um nálina

Aðgætið að nálin og saumfóturinn séu í efstu stöðu. Notið eingöngu grænu Husqvarna spólurnar.

Notið eingöngu saumfót úr jární þegar spólað er í gegn um spóluna.

Spólið eins og lýst var hér á undan. Eini munurinn er sá að tvinninn er þræddur í gegn um nálina, þaðan undir saumfótinn og síðan til hægri yfir stýringuna (c).

Ath: Við mælum ekki með því að spóla sértvinna eins og glæra tvinna eða aðra teygjanlega tvinna í gegn um nálina. Spólið þá á venjulegan hátt eins og lýst var hér á undan.




Nálar

Góð saumavélanál er mjög mikilvæg. Gætið þess að kaupa eingöngu gæðanál og nálar af gerðinni 130/705H. Nálar sem fylgja vélinni innihalda mest notuðu grófleikana bæði fyrir ofin og teygjanleg efni.


A Alhliða nálar

Þessar nálar eru notaðar við saum á ofnum efnum. Oddur nálanna er hannaður þannig að hann stingi á milli þráðanna í efninu svo hann skemmi ekki vefnaðinn.



B Nálar fyrir teygjanleg efni

Þessar nálar eru oftast kallaðar “stretch” nálar og eru fyrir þrjúnuð og teygjanleg efni. Þær eru merktar með gulum lit og eru með kúlulagaðan odd.



C Nálar fyrir gallabuxnaefni

Þessar nálar eru kallaðar “Jeans” nálar og eru hannaðar fyrir gróf ofin efni eins og “denim” og segldúka. Þessar nálar eru merktar með bláum lit og eru með mjög hvassan odd til að auðvelda nálinni að komast í gegn um þessi grófu efni.

Ath: Skiptið oft um nál og notið eingöngu alveg beinar nálar með góðum oddi (a).


Skemmd nál (b) getur orsakað að vélin hleypur yfir og sleppi sporum, eða brýtur nálar. Skemmd nál getur einnig skemmt efnið sem verið er að sauma.

Skipt um nál



Slökkvið á aðalrofanum.

- 1 Losið um skrúfuna í nálarhöldunni.
- 2 Fjarlægjið nálina.
- 3 Setjið nýja nál í hölduna og gætið þess að flati kanturinn snúi frá ykkur, og ýtið henni eins hátt upp í hölduna og hægt er.
- 4 Notið skrúfjarnið til að herða á skrúfunni.






Saumfætur

Með vélinni fylgja margir saumfætur fyrir hin ýmsu verkefni.


Saumfótur A

Er á fóthöldunni þegar vélin er afgreidd frá verkmsiðju. Þessi fótur er aðallega notaður fyrir beina sauma og zik zak þar sem sporlengdin er lengri en 1.0 mm.




Saumfótur B

Þegar saumuð eru þétt zik zak spor með sporlengd minni en 1.0. Einnig er gott að nota þennan fót með ýmsum nytja og skrautsaumum. Úrtakið neðan á fætinum rennur mjög vel yfir þetta sauma.




Hnappagatafótur C

er með línur sem ákvarða lengd. Miðlínan gefur til kynna 15mm fjarlægð frá jaðri. Rauðar tvær undir fætinum eru einnig góðar stýringar fyrir leggi hnappagatsins.




Blindsaumsfótur D

er fyrir blindfalda. Innri brún fótans stýrir efninu og botninn er hannaður þannig að hann rennur meðfram faldbrúninni.




Rennilásafótur E

er fyrir rennilása og hægt er að setja hann á fóthölduna þannig að nálin sé annaðhvort vinstra eða hægra megin við hann.




Saumfótur H (Platinum 715/735)

er húðaður að neðan, og er notaður þegar sauma þarf svampefni, plastefni eða leður. Húðin kemur að mestu í veg fyrir að efnin festist við fótinn.



Saumfótur J

er notaður til að kasta jaðra með “overlock-saum” og einnig til að sauma saman og ganga frá jaðrinum í einum saum og þá er sporbreiddin 5.0 til 5.5mm. Saumarnir fara út fyrir pinnann á fætinum, en hann kemur “í veg fyrir að jaðarinn rykkist eða dragist saman.





Bútasaumsfótur P

(Platinum 755)


er notaður þegar verið er að sauma saman búтана í bútasaum. Fóturinn er með fjarlægðarlínur 1/4" (6 mm) og 1/8" (3 mm).

Hnappagatafótur með nema eða skynjara

(Platinum 735/755)

Þegar þessi fótur er tengdur við vélina getur vélin saumað aftur og aftur þá lengd af hnappagati sem upprunalega var saumað með fætinu. Línan í miðjunni gefur til kynna að fjarlægðin að jaðri efnisins sé 15 mm.

Fleiri upplýsingar um saumfætur sem hægt er að fá aukalega eru í leiðbeiningum um aukablúti.




Skipt um saumfót



Slökkvið á aðalrofanum.

- 1 Gætið þess að nálin sé í efstu stöðu. Togið í saumfótinn skáhallt fram á við.
- 2 Setjið nýja fótinn þannig á fóthölduna að pinninn á saumfætinum sé á mótis við fjöðrina í fóthöldunni. Þrýstið á fótinn þar til hann smellur á sinn stað.




Þrýstingur á saumfót (a)

Hægt er að stilla þrýstinginn á saumfótinn með skífunni sem er undir lokinu á vélinni. Venjulega stillingin er í kring um svæði merkt 4 og því hærra sem talan er, þeim mun meiri þrýstingur er á efnin. Þrjón og mjúk efni ætti að sauma með minni þrýstingi.

Fótylftir (b)

Fætinum er lyft og hann lækkaður með fótylftinum. Fóturinn verður ávallt að vera niðri þegar reynt er að sauma.

Með því að lyfta fætinum í efstu stöðu, og þrýsta síðan á fótylftinn er hægt að auka svæðið undir fætinum um mókra millimetra til að koma þykkum efnum undir fótinn.





Yfirtvinnaspenna

Notið ávallt þá tvinnaspennu sem mælt er með á skjánum.

Þið getið breytt yfirtvinnaspennunni fyrir sérstök efni og/eða fyrir sérstaka saumataækni. Þá snúið þið númeruðu skífunni (a). Því hærri sem talan er þeim mun stífari er spennan. Venjulegasta stillingin er í kring um 4.

Þegar verið er að sauma hnappagöt eða skrautsauma ætti tvinnaspennan að vera á svæðinu í kring um 3.



Ef verið er að sauma stungusauma með grófum tvinna þá þarf að hækka spennuna í 7-9.

Rétt og röng tvinnaspenna

Til að skilja rétta tvinnaspennu ættuð þið að sauma nokkur zik zak spor og breyta stillingunni á yfirtvinnunni í þrepum.

- 1 Byrjið með tvinnaspennu sem er of lág. Stillið á lægri tölu og þá sjáið þið að undirtvinninn liggur beinn og togar yfirtvinnann niður á rönguna.
- 2 Ef tvinnaspennan er stillt of hátt þá skeður það gagnstæða og saumurinn rykkist og tvinninn slitnar e.t.v.
- 3 Rétt tvinnastilling er þegar yfir og undirtvinninn mætast á milli efnanna, nema á skrautsaumum, þá eiga þeir að mætast rétt við jaðarinn á röngunni.

Saumið nokkra prufusauma á efnisbúta af sama efni og sauma á seinna meir.






Flytjarinn tekinn úr sambandi

Flytjarinn er tekinn úr sambandi með því að snúa snerlinum framan á friðarminum til vinstri . Snúið honum til hægri


 þegar setja á hann aftur í samband.

Flytjarinn fer aftur í samband um leið og byrjað er að sauma. Flytjarinn er tekinn úr sambandi þegar verið er að festa tölur, og við fríhendis saumaskap.



AÐGERÐIR OG SKJÁRINN





Platinum 715/735



Platinum 755

Snertiskjárninn



Nálin stoppar uppi/niðri

(Platinum 755)

NEEDLE STOP POSITION er notað til að ákvarða hvort nálin stoppar uppi eða niðri.



Stop

STOP er notað til að ljúka við spor. Vélin gengur frá endunum og stöðvast sjálfkrafa þegar hún lýkur við sporið eða sambland spora. **STOP** er afturkallað þegar þið snertið hnappinn aftur eða þegar þið veljið annan saum. Þegar **STOP** er virkt, kemur viðeigandi tákn á skjáinn. Hægt er að forrita stop-aðgerðina.



Fix

FIX er notað til að ganga frá tvinnuendum. Þegar ýtt er á hnappinn kemur teikn á skjáinn. Ef ýtt er aftur á hnappinn er aðgerðin gerð óvirk. Þegar byrjað er að sauma, saumar vélin nokkur spor til að ganga frá tvinnuendunum og saumar síðan valinn saum. Ýtið aftur á **FIX** hnappinn á meðan saumað er og þá gengur vélin frá endunum þegar hætt er að sauma.



Hraði vélarinnar (Platinum 755)

Hámarks saumhraði vélarinnar er 900 spor á mínútu.

Allir saumar í vélunum eru stilltir á fyrirfram ákveðinn hámarks hraða. Þegar þið veljið ákveðinn saum, stillir vélin sig á þann hraða sem var ákveðinn fyrir viðkomandi saum. Með því að snerta **SPEED** hnappinn

getið þið einnig flett á milli þeirra þriggja hraða sem saumarnir eru stilltir á. Ef þið hafið lækkað hraðann á ákveðnum saum, saumar vélin á þeirri stilingu á öllum öðrum saumum þar til þið slökkvið á vélinni.



Afturábak

er snert þegar þið viljið að vélin saumi afturábak. Þegar hnappnum er sleppt, saumar vélin áfram á ný. Lengsta afturábak spor er 3 mm. Ef þið viljið af einhverjum ástæðum sauma afturábak í lengri tíma þá snertið þið hnappinn örsnöggt tvisvar sinnum í röð áður en þið byrjið að sauma. Afturábaksaumur er sýndur með tákni á skjánum.

Vélin saumar nú afturábak þar til þið snertið hnappinn á ný.



Sporlengd

Þegar saumur er valinn stillir vélin sig sjálfkrafa á hentugustu sporlengd fyrir þann saum sem valinn er. Sporlengdin er sýnd á skjánum fyrir ofan sporlengdartakkann. Þið getið breytt sporlengdinni með því að ýta annaðhvort á (+) eða (-) hnappana.



Sporbreidd

Sama gildir um sporbreiddina. Sporbreiddin er einnig sýnd fyrir ofan sporbreiddarhnappana.

Hægt er að stilla hana frá 0 og upp í 6 mm. Ef beint spor er valið eru sporbreiddartakkarnir notaðir til að færa nálarstöðuna til í fætinum.



Hliðarspeglun

Ýtið á þennan hnapp þegar þegar þið viljið spegla ákveðið mynstur hliðarspeglun. Ef ýtt er á þennan hnapp þegar stíll er á beint spor með vinstri nálarstöðu, þá breytist nálarlegan frá vinstri yfir til hægri. Ef þessi hnappur er snertur í **REP**, þá snýst öll mynsturröðin við (sjá bls. 26).



Endaspeglun (Platinum 755)

Ýtið á þennan hnapp til að spegla valið mynstur enda í enda. Ef þetta er gert í **REP**, speglast öll mynsturröðin þannig. (sjá bls. 26). Ef **STOP** er forritað í lok saumaradarinnar, og saumaröðin er spegluð enda í enda, þá færast **STOP** í byrjun radarinnar.

FUNC FUNC

Ýtið á þennan hnapp til að fletta á milli aðgerða í saumavélinni. Um er að ræða þrjár mismunandi aðgerðir **NORM**, **PROG** og **REP**. **NORM** aðgerðin (venjulegur saumaskapur) er alltaf virk þegar kveikt er á vélinni. Ýtið einu sinni á takkann til að fara yfir í **PROG** aðgerðina (notuð við forritun), snertið hann aftur til að fara yfir í **REP** (endurtekningar) aðgerðina sem notuð er til að sauma forritaðar mynsturraðir, Snertið hnappinn á ný til að fara aftur yfir í **NORM** aðgerðina. Virk aðgerð er sýnd á skjánum.



Örvartakkar

Þessir takkar eru notaðir til að fara áfram eða til baka í ákveðinni forritaðri mynsturröð.

M

Minni (Platinum 755)

Í velinni eru tvö mismunandi minni þar sem hægt er að geyma forrituð mynstur. Hvert mynstur getur geymt allt að 30 sauma eða stafi og takkarnir eru notaðir til að fletta á milli minnanna í **PROG** eða **REP**. Viðkomandi númer á minni er sýnt í neðra hægri horni skjásins.

CLR

CLR

Ýtið á þennan takka í **PROG** aðgerð til að eyða öllu eða hluta af mynstri eða mynsturröð (sjá bls. 26). Þegar búuð er að eyða mynstri í minni, sýnir skjáinn ekki lengur númer viðkomandi mynsturs,



Valmyndir fyrir sauma

Snertið hnappana fyrir valmyndirnar til að fara á milli þeirra. Valin mynd er sýnd á skjánum.

Platinum 755 er með 35 nytjasauma (valmynd 1) og 70 skrautsauma (valmyndir 2-3).

Platinum 735 er með 21 nytjasauma (valmynd 1) og 42 skrautsauma (valmyndir 2-3).

Platinum 715 er með 21 nytjasauma (valmynd 1) og 21 skrautsauma (valmynd 2).

Nytjasaumarnir eru sýnilegir á snertiskjánum en skrautsaumarnir eru sýndir innan á loki vélarinnar.

A/a/1

Valmynd fyrir stafróf (Platinum 755)

Í Platinum 755 er innbyggt stafróf - útlínublokk. Snertið valmyndina fyrir stafrófið og þá kemur stafurinn "A.." á skjáinn.




Val á saumum

Nytja og skrautsaumar

Snertið valhnappinn fyrir saumana  til að fletta á milli valmyndanna. Valin mynd er sýnd á skjánum.

Snertið einhvern af hnöppunum fyrir saumana til að velja saum og númer viðkomandi saums kemur á skjáinn. Þegar saumur er t.d. sýndur sem 1:02 í leiðarvísi, þá þýðir 1 valmynd 1 og 02 valinn saum. Það sama á við um 2:20 þ.e.a.s. það er saumur 20 úr valmynd 2.

Saumavélin ákvarðar hámarks hraða, sporlengd og sporbreidd. Vélin sýnir einnig ráðlagðan saumfót og tvinnaspennu fyrir viðkomandi saum. Platinum 715/735 sýna einnig ráðlagða nál. Stíllíð vélina í samræmi við þessar ráðleggingar.



Platinum 715/735



Platinum 755



Stafróf (Platinum 755)

Snertið valhnappinn fyrir stafróf  og þá kemur “A..” á skjáinn.



Snertið staf (sýndir með rauðum lit á valhnöppunum fyrir saumana) til að velja viðkomandi staf. Númer hnappsins er sýnt á skjánum. Til dæmis verður stafurinn E sýndur sem hnappur númer 5.

Valmynd fyrir stafróf

Þegar hnappurinn fyrir valmynd stafrófs  er snertur, þá kemur “A..” á skjáinn og gefur til kynna að hástafir séu valdir. Hægt er að velja á milli hástafa og lágstafa eða númera og sérstafa með því að snerta valhnappinn fyrir stafrófið í annað eða í þriðja sinn. Á skjánum táknar “a..” lágstafi, og “1..” tölustafi og sérstafi.



Útlínu-blokk stafróf



Hnappur númer



Hástafir og lágstafir
Tölustafir/ Sérstakir stafir



Saumaráðgjafi (Platinum 715/735)

Þessar vélar eru með hinn frábæra Husqvarna saumaráðgjafa. Hann er alltaf virkur og er staðsettur neðst á skjánum. Þegar þið atlið að byrja á einhverju verkefni, byrjið þá á því að snerta flötinn sem sýnir efnið sem þið atlið að sauma og grófsleika þess. Snertið síðan þá saumatakni sem þið atlið að nota t.d. sauma saman efni, sauma út o.s.frv. Vélín “man” valið efni þar til þið breytið valinu næst.

Saumaráðgjafinn kemur upp með hentugasta saumi, sporlengd, sporbreidd og saumbraða fyrir valið verkefni. Vélín gefur ykkur einnig ráð um tvinnauspennu, þrýsting á saumfót og hentugasta saumfóttinn fyrir verkefnið.


Val á efni

Ofið eða prjónað

Munurinn á ofnum efnum og prjónuðum er hvernig þræðirnir í þeim eru fléttaðir saman. Ofin efni eru búin til úr tveimur þráðum sem eru ofnir saman langsum og þversum. Prjónuð efni eru hins vegar búin til úr einum þræði sem fléttast saman á ákveðinn hátt. Prjónuð efni eru einnig oftast nær mjög teygjanleg.

Hafið það sem almenna reglu að velja ofin efni fyrir stöðug efni, en “stretch” fyrir öll efni sem teygjast.


- A OFIN ÞUNN:** chiffon, organza, batist, silki, ull, o.s.frv.
- B OFIN MEÐAL:** prentuð baðmullarefni, bútasaumsefni, ullarkrep og skyrtaefni.
- C OFIN ÞYKK:** denim, þykk ullar og kápuefni, segldúkur o.s.frv.
- D STRETCH ÞUNN:** nylon, einfalt prjónajersey o.s.frv.
- E STRETCH MEÐAL:** tvöfalt prjón, velúr, pluss, sundfataefni o.s.frv.
- F STRETCH ÞYKK:** gróft prjón, flís o.s.frv.



Platinum 735



Platinum 715



Ofin efni

Prjónuð efni







Leður/Plastefni

Leður er húð af dýrum og getur bæði verið mjúkt, hart, teygjanlegt eða stíft.

Plastefni eru yfirleitt með vefnað á röngunni og er í ýmsum útgáfum og getur einnig verið teygjanlegt.



Leður



Plastefni



LEÐUR/PLASTEFNI: fyrir rúskinn eða gervileður eða gervirúskinn..

Mismunandi saumataekni



SAUMUR: til að sauma saman tvö efni.



KASTSAUMUR: til að kasta jaðra á efnum til að koma í veg fyrir að þeir trosni eða til að þeir verði sléttir.



SAUMUR/KASTSAUMUR: saumar sauminn og kastar jaðarinn í einum saum.



ÞRÆÐING: þræðing eða bráðabirgðasaumur til að máta flíkur, fyrir rykkingar og merkingar.



BLINDFLDUR: Hann er eingöngu ráðlagður á meðalþykk efni. Platinum 715/735 velur hentugasta sauminn.



FALDAR: og vélin velur hentugasta saumin fyrir efnið sem þið veljið.



HNAPPAGÖT: og saumráðgjafinn velur hentugasta hnappagatið fyrir efnið sem þið hafið valið.



Hvernig á að nota saumráðgjafann

Val á gerð efnis er virkt þar til annað efni hefur verið valið, og síðast valda efnið er ávallt geymt í minni vélarinnar - jafnvel þótt slökkt sé á vélinni.

Þegar þið snertið hnapp fyrir efni, kemur bókstafur fyrir það efni á skjáinn og gefur valið til kynna.

Eftir að hafa valið efnið, veljið þið saumtæknina sem þið ætlið að nota. Síðan getið þið skoðað númerið á saumnum og allar sjálfgefnar ráðleggingar fyrir viðkomandi saum.


Stillingarnar sem eru gefnar í “**SAUMARÁÐGJAFANUM**” eru alltaf sýnilegar á skjánum. Bókstafurinn táknar efnisvalið, og tölustafurinn saumtæknina. Ef þið veljið annan saum en var ráðlagður í “**SAUMARÁÐGJAFANUM**” verður efnið samt sem áður áfram.





Tákn á upplýsingaskjánum (Platinum 715/735)

Á upplýsingaskjánum eru alltaf tákn sem gefa ykkur allar upplýsingar til að ná sem bestum árangri. Sum tákn eru alltaf virk og sum koma bara fram við val á akveðnum aðgerðum. Táknin eru sýnd og útskýrð hér að neðan.



Tákn á skjánum

- 1 NÁLARTEGUND**
- 2 HLIÐARPEGLUN**
- 3 ÞRÝSTINGUR Á SAUMFÓT**
- 4 STOP AÐGERÐ**
- 5 FIX AÐGERÐ**
- 6 UNDIRLEGG**
- 7 RÁÐLÖGÐ TVINNASPENNA**



Yfirlitsgluggi á skjá

- 8 SAUMAVALMYND**
- 9 VALMYND FYRIR SAUMA**

10 Gefur til kynna að vélín sé með **SAUM-RÁÐGGJAF**.

11, 12 SAUMRÁÐGGJAFI

Valið efni (bókstafur) og saumtækni (tölustafur) eru sýnd við hliðina á tákninu fyrir saumráðgjafann.

13 SPORLENGD

14 RÁÐLAGÐUR SAUMFÓTUR

15 AFTURÁBAK

Fyrir stoppspor (nr 18), mjókkandi/breikkandi spor (nr 19). Þegar verið er að sauma fríhendis hnappagöt þrep fyrir þrep kemur blikkandi tákn sem gefur til kynna að þið þurfið að ýta á afturábak til að breyta um saumátt.

16 SPORBREIDD

17 VALIN AÐGERÐ

18 VALINN SAUMUR




Tákn fyrir hnappagöt (Platinum 715/735)

- 19** Mælt er með að hafa undirleggsþráð undir hnappagatið.
- 20** Þegar verið er að sauma hnappagöt frihendis og þrep fyrir þrep, þá táknar blikkandi tákn að þið þurfið að ýta á afturábak til að skipta á milli einstakra þátta í hnappagatinu.

Þegar hnappagatafóturinn með nemanum er tengdur við vélina **Platinum 735**.


- 21** Gefur til kynna að hnappagatafóturinn með nemanum er tengdur. Ef táknið blikkar, þá látið þið hvíta flötinn á hjólinu vera á móts við hvíta merkið á fætinum.
- 22** Stillið tölustærð = **BUTTON SIZE**, með því að (+) eða (-) hnappana. Með því að snerta **CLR**, getið þið skipt á milli stillinga fyrir stærð hnappagatsins og þéttleika þess.
- 23** Táknid með tölunni gefur til kynna að stærðin á henni sé synd á 22.





Tákn á upplýsingaskjánum (Platinum 755)

Á upplýsingaskjánum eru alltaf tákn, sem gefa ykkur allar upplýsingar til að ná sem bestum árangri. Sum tákn eru alltaf virk, en sum koma bara fram við val á ákveðnum aðgerðum. Táknin sem eru á skjánum eru sýnd og útskýrð hér að neðan.



Almenn tákn

- 1 NÁLIN UPPI NÁLIN NIÐRI:** Gefur til kynna hvort nálin stöðvast uppi eða niðri.
- 2,3** Gefur til kynna að aðgerðirnar **HLIÐARSEGLUN** og/eða **ENDASEGLUN** hafi verið valdar.
- 4** Ráðlagður **SAUMFÓTUR**
- 5** Gefur til kynna að **STOP** aðgerð sé virk.
- 6** Gefur til kynna að **FIX** aðgerð sé virk.
- 7** Ráðlögð **TVINNASPENNA**



Yfirlitsglugginn

- 8** Gefur til kynna að **VALMYND FYRIR STA-
FRÓF** sé virk.
- 9** Gefur til kynna að **VALMYND FYRIR
SAUMA** sé virk.
- 10** Gefur til kynna að **VALMYND FYRIR
SAUMA** sé virk.

11 Sýnir HRAÐANN

12 Gefur til kynna að lækka FLYTJARANN.

13 Innstilt SPORLENGD

14 Gefur til kynna að AFTURÁBAK sé virkt.

Fyrir stoppspor (nr 26), Mjókkandi og breikkandi flatsauma (nr 27) eða þegar saumuð eru frihendis hnappagöt þrep fyrir þrep, þá blikkar þetta tákn til að minna á að nauðsynlegt er að ýta á **AFTURÁBAK** til að breyta um saumátt.

15 Innstilt SPORBREIDD

16 Valin AÐGERÐ


17 Valið NÚMER SAUMS



Forritunartákn (Platinum 755)


18 **PROG** eða **REP** er sýnt til að gefa til kynna hvort þið eruð í forritunar- aðgerð eða í endurtekningar-aðgerð til að sauma.

19 Númer sem gefur til kynna **VIRKT MINNI**



Hnappagatatákn (Platinum 755)

20 Þegar þið saumið fríhendis, þrep fyrir þrep hnappagöt gefur blikkandi tákn til kynna að þið þurfið að ýta á **AFTURÁBAK** til að skipta á milli einstakra saumhluta hnappagatsins.




Þegar hnappagatafóturinn með nemanum er tengdur.

21 **HNAPPAGATAFÓTUR MED NEMA** er tengdur.

22 Stillið **TÖLUSTÆRD**, með því að ýta á sporlengdartakkana (+) eða (-). Með því að snerta **CLR**, er hægt að skipta á milli stærðar hnappagatsins og þéttleika þess.

23 Táknid fyrir töluna sýnir að stærð hennar er sýnd á 22.






Forritun

Platinum 715/735

Þið getið forritað sauma í saumaröðir. Það sem þið forritið er sjálfkrafa geymt í minni vélarinnar og hægt að ná í það jafnvel eftir að slökkt hefur verið á vélinni.



Platinum 755

Þið getið forritað sauma og stafi í saumaröðir. Vistið forritunina í föstu minnin. Forritun sem hefur verið vistuð er hægt að ná í aftur jafnvel eftir að slökkt hefur verið á vélinni.



PROG aðgerð

Þegar verið er að forrita, þá er saumráðgjafinn á Platinum 715/735 ekki virkur. Snertið **FUNC** til að gera **PROG** aðgerðina virka.

M Minnin (Platinum 755)

Snertið **M** til að velja minni. Stafurinn M og númerið sem er á eftir honum gefur virkt minni til kynna. Um er það ræða tvö mismunandi minni (M1 og M2). Hvert minni getur geymt allt að 30 sauma, sem þýðir að þið getið forritað og vistað allt að 60 sauma og/eða stafi.

Þegar þið gerið **PROG** virkt, birtist minnið sem var notað síðast. Til að vista forritun í öðru minni, veljið þið það með því að snerta **M** áður en þið byrjið að forrita.

Farið á milli forritaðra spora

Notið örvarhnappana til að fara á milli forritaðra spora til að sjá hvað þið hafið forritað. Á upplýsingaskjánum sjáið þið númer valins spors í forritunarröðinni.

Til að sauma saumaröðina ýtið þið á **FUNC** hnappinn til að gera **REP** aðgerðina virka.

Ath: (Platinum 755): Þegar þið forritið, þá getið þið minnkað bilið á milli stafanna.

Snertið  þegar valmyndin fyrir tölustafina/sérstöku stafina er virkt, til að forrita stutt afturábakspor. Því fleiri afturábakspor sem þið setjið inn, þeim mun minna bil verður á milli stafanna.



Eyða saumum eða saumaröðum

Ef þið eruð með sauma eða saumaröð í minni, þá snertið þið **CLR** til að eyða henni úr minninu. Minnið er þá hreinsað frá þeim stað sem þið eruð stödd og að endanum á viðkomandi mynstri eða mynsturröð. Til að hlaða inn aftur mynstur sem þið voruð að eyða er hægt að snerta **CLR** á ný áður en þið setjið inn nýja sauma eða áður en þið snertið örvartakkana.

Forrita sauma (Platinum 715/735)

Minnið geymir allt að 30 sauma. Til að forrita saumaröðina sem hér er sýnd:

- Snertið **FUNC** til að gera **PROG** virkt.
- Veljið saum 2:03 (Platinum 715) / 2:05 (Platinum 735). Númer kemur í ljós á upplýsingaskjánum. Til að setja sporið inn ýtið þið á hægri örvarhnappinn til að færa ykkur yfir á staðinn fyrir næsta saum. Annars myndi saumurinn sem þið veljið næst koma í stað fyrri saumsins.
- Veljið 2:03 (Platinum 715) / 2:05 (Platinum 735) á ný. Snertið . Færið ykkur áfram með hægri örvarhnappnum.



Til að sauma saumana snertið þið **FUNC** hnappinn til að gera **REP** aðgerðina virka.

Ath: Ef þið viljið aðeins sauma saumaröðina einu sinni, snertið þið  í **REP** aðgerð. Þið getið einnig forritað **STOP** í **PROG**. Forritaða **STOP** er gefin til kynna með  á upplýsingaskjánum.



Forrita sauma og stafi (Platinum 755)

Til að forrita saumaröðina sem hér er sýnd:

- Snertið **FUNC** til að gera **PROG** virkt.
- Veljið saumavalmynd 3.
- Veljið saum 3:24. Númerið kemur á upplýsingaskjáinn.
- Snertið  til að spegla sauminn enda í enda.

Þegar þið forritið saumaröð þurfið þið alltaf að færa ykkur áfram með hægri örvartakkanum til að setja inn næsta spor. Annars myndi sporið eða stafurinn sem þið mynduð velja koma í stað þess sem valinn var síðast.

Til að forrita “E” í hástaf, snertið þið stafrófs valmyndina einu sinni. “A..” kemur á upplýsingaskjáinn.

- Veljið “**E**”. Númerið 5 kemur á upplýsingaskjáinn. Færið ykkur áfram með hægri örvarnappnum.


Til að forrita “rika” í lágstöfum, veljið þið lágstafi með valhnappnum fyrir stafróf. Þegar það er orðið virkt kemur **a..** á upplýsingaskjáinn.

- Snertið **r**, og númerið 18 kemur á skjáinn. Færið ykkur áfram með hægri örvartakkanum og haldið áfram að setja inn stafina: **i**, **k**, og **a** á sama hátt.

Veljið sauma valmynd 3 til að forrita síðasta skrautsauminn.

- Veljið saum 3:24. Númerið á honum kemur á skjáinn.

Ef þið viljið sauma þetta strax snertið þið **FUNC** hnappinn til að gera **REP** aðgerðina virka.



Ath: Ef þið viljið sauma þetta aðeins einu sinni þá snertið þið  í **REP**. Þið getið einnig forritað **STOP** í **PROG**. Forritaða **STOP** aðgerðin er sýnd sem  á skjánum.



Saum eða staf breytt eða bætt við

Hægt er að breyta hvaða saum sem er í **PROG** þegar númer saumsins er sýnt á skjánum. Á Platinum 755 er einnig hægt að breyta stöfum. Flettið einfaldlega í gegnum mynsturröðina með örvarhnöppunum þar til þið sjáið númer þess saums eða stafs sem þið viljið breyta, og veljið annan saum í staðinn.

Breyta stillingum á saumum í forritaðri röð

Ef þið viljið breyta stillingum á sporum í forritaðri saumaröð þá notið þið örvarhnappana til að fara að viðkomandi saum. Á Platinum 755 getið þið einnig breytt stöfum. Þið getið stillt sporlengdina, sporbreiddina eða speglað mynstur eða staf.

Breytingarnar verða sjálfkrafa vistaðar í minni vélarinnar.

Saumið forrituðu saumaröðina

Ef þið viljið sauma saumaröðina



strax, snertið þið FUNC til að gera **REP** aðgerðina virka. Mælt er með saumfæti B. Ef stop hefur verið forritað í saumaröðina er það sýnt með viðkomandi tákni.

Til að fara yfir saumaröðina, getið þið notað örvarhnappana til að fletta í gegnum hana í báðar áttir.

Saumið nú á efni og notið undirlegg undir efnið.

Speglið alla saumaröðina

Í **REP** aðgerð er hægt að hliðarspegla alla saumaröðina. Á Platinum 755 getið þið einnig speglað röðina enda í enda. Þessar speglanir verða ekki vistaðar í minni vélarinnar.



SAUMAD





Sum efni innihalda mjög mikil litarefni, sem geta litað frá sér á önnur efni, en þau geta einnig litað frá sér á saumavélina, og það getur orðið mjög erfitt eða jafnvel ómögulegt að fjarlægja það.

Flís efni og gallabuxnaefni, og þá sérstaklega í rauðum og bláum litum innihalda mjög oft mikið magn litarefna.


Ef ykkur grunar að efnið/flíkin sem þið ætlið að fara að sauma innihaldi mikið litarefni, mælum við með því að þið þvóið þau áður en þið farið að sauma á þau til að koma í veg fyrir að þau gefi lit.



Nytjasaumar

Saumur

Með saum er átt við að sauma tvö efni saman með saumfari sem oftast nær er síðan pressað út. Í flestum tilfellum er gengið frá jöðrum efnanna með því að kasta þá áður en efnin eru saumuð saman.



Efni: Ofin meðalþykkt, í tveimur hlutum.

715 / 735	755
B  1	 1:02

Saumað:

- Leggið efnin saman réttu á móti réttu. Setjið efnin undir saumfótinn og látið jaðarinn vera á móts við 15mm strikið á stingplötunni.
- Lækkið saumfótinn ofan á efnið og stígið á fótmótsstöðuna.
- Saumið og að loknum saum klippið þið tvinnaendana.

Saumar á teygjanleg efni verða að teygjast eins og efnin sjálf. Eldingasporið (teygjanlegt spor) hentar mjög vel til að sauma saman teygjanleg þynnri efni.

Efni: Þunn “Stretch” teygjanleg efni í tveimur hlutum.

715 / 735	755
D  1	 1:04

Saumað:

- Leggið efnin saman réttu á móti réttu. Setjið efnin undir saumfótinn og látið jaðrana vera á móts við 15mm strikið á stingplötunni.
- Lækkið saumfótinn ofan á efnið og stígið á fótmótsstöðuna.
- Saumið og að loknum saum klippið þið tvinnaendana.



Beint spor er einnig hægt að nota fyrir stungusauma. Til að gera þá sýnilegri ráðleggjum við ykkur að nota langt spor, grófa tvinna og grófa nál.



Beint spor



Eldingaspor



Tuttugu og fimm nálarstöður

Á saumavélinni ykkar er hægt að velja um 25 nálarstöður þ.e.a.s. hvar nálin kemur niður í rauf fótansins. Ef þið eruð að sauma beint spor getið þið fært nálina til með því að snerta sporbreiddartakkana. Þetta getur verið mjög þægilegt þegar þið eruð að sauma stungusauma á jaðra.

Efni: Ofin meðlþykk efni


	715 / 735	755
B 	1:01	1:02

Saumað:

- Brjótið efnið tvöfalt og setjið það undir saumfótinn. Lækkið saumfótinn og stígið á fótmoststöðuna.
- Snertið + á sporbreiddartökkunum til að færa nálina um 12 þrep til vinstri .
- Snertið  til að færa nálina um 24 þrep til hægri .
- Snertið sporbreidd - til að færa nálina aftur í miðjuna .

Hver snerting á sporbreiddartökkunum (- eða +) samsvarar 0.25 mm breytingu á nálarstöðunni.

Til að ná fram besta flutningi á efninu þegar þið eruð að sauma stungusauma nálægt jaðri. Saumið með vinstri nálarstöðu og látið efnisjaðarinn renna eftir innri hægri brún fótar D eða eftir fyrstu merkilínunni á fæti A. Notið fót A fyrir þynnri efni, en fót D fyrir þykkari efni.





Þræðing

Þræðing er bráðabirgðasaumur til að mæta flíkur eða fyrir rykkingar og merkingar.

Mælt er með því að sauma með lægri tvin-naspennu þannig að auðvelt sé að fjarlægja tvinnann ef um þræðingu er að ræða eða auðveldara sé að toga í tvinnann ef um ryk-kingar er að ræða.

Efni: Ofin meðalþykk efni, í tveimur

hlutum. Leggið efnin saman réttu á móti réttu. Setjið efnin undir saumfótinn.



Saumfar: 15 mm.


Þræðing:

- Lækkið saumfótinn ofan á efnið og stígið á fótmoststöðuna.
- Saumið eftir saumfarinu.
- Klippið tvinnana að saum loknum.
- Eftir mátun togið þið í spólutvinnann til að rekja upp sauminn.

Rykking:

Notið lengra spor en venjulega 3.5-5.0. Saumið alltaf tvo sauma hlið við hlið.

- Setjið einfalt efnið undir fótinn og saumið.
- Saumið annan saum við hliðina á þeim fyrri.
- Togið í báða spólutvinnana og rykkið efnið saman um leið. Gætið þess að toga þá ekki úr sporinu.






Styrkt beint spor

Styrkta beina sporið er miklu sterkara en venjulegt beint spor, þar sem það er þrefalt og teygjanlegt. Gott er að nota þetta spor á öll grófari efni, fyrir skrefsauma sem mikið reynir á og einnig fyrir stungusauma á gróf efni. Gerið við sauma sem mikið reynir á með þessu spori.

Efni: Þykk ofin efni, rétta á móti réttu

	715 / 735	755
	1:03	1:06



Saumað:

- Staðsetjið efnin undir saumfætinum.
- Lækkið saumfótinn ofan á efnin og stígið á fótmostöðuna.
- Saumið með 15mm saumfari.

Þriggja þrepa zik zak

Þriggja þrepa zik zak sporið er svipað og venjulegt zik zak spor, nema að það eru aukaspor í zik” og “zak” sporunum! Hægt er að hafa þetta spor allt upp í 6 mm á breidd og það hentar á öll efni. Notið þetta spor til að kasta jaðra, sauma tvo slétta jaðra saman, gera við rifur og ýmislegt fleira.

Notið jaðarfót J þegar þið kastið sauma.

	715 / 735	755
	1:08	1:11

Saumað:

- Setjið efnið undir saumfótinn.



- Lækkið saumfótinn ofan á efnið og stígið á fótmostöðuna. Kastið jaðrana.
- Klippið tvinnana.

Saumað og jaðrar kastaðir

Saumurinn fyrir saum og kasta jaðra um leið gerir hvorutveggja í einum saum. Um er að ræða nokkra mismunandi sauma sem hægt er að nota í þessum tilgangi og þið finnið örugglega einhvern sem hentar því sem þið ætlið að sauma.


Efni: “Stretch” þunn teygjanleg efni í tveimur hlutum




Saumað:

- Setjið efnin undir fótinn réttu á móti réttu. Staðsetjið efnin þannig að pinninn á saumfætinum renni meðfram jaðri efnisins.
- Lækkið saumfótinn ofan á efnið og stígið á fótmostöðuna.
- Saumið eftir jaðrinum
- Klippið tvinnana að saum loknum.

Kastsaumarnir henta einnig fyrir þunn ofin og meðalþykk efni. Fyrir þykkari teygjanleg efni er betra að nota overlockspor, og fyrir mjög þykk teygjanleg efni er gott að nota tvöfalda overlocksporið.



Þriggja þrepa zík zík spor



Teygjanlegur kastsaumur fyrir þunn efni



Teygjanlegur kastsaumur fyrir þykkari efni




Teygjanlegur kastsaumur fyrir mjög þykk ofin efni



Ístopp og bætur

Það getur bjargað flík ef stoppað er strax í lítul göt. Veljið finan stopptvinna í lit sem er líkur þeim stað sem stoppa þarf í.

Efni: Meðalþykk efni. gerið smágat til að stoppa í.



Saumað:

- Staðsetjið efnið undir saumfætinum.
- Lækkið saumfótinn á efnið og stígið á fótmostöðuna. Byrjið fyrir ofan gatið og saumið aðeins fram yfir það.
- Þegar þið eruð komin fram yfir gatið


snertið þið . Haldið áfram að sauma. Vélín saumar nú tólf sinnum fram og til baka yfir gatið og stöðvast síðan.

- Til að endurtaka sporið í sömu stærð snertið þið . Setjið efnið aftur undir fótinn og stígið síðan á fótmostöðuna til að endurtaka sama saum. Vélín saumar nú nákvæmlega eins og þegar hún saumaði yfir gatið og stöðvast að saum loknum.


Blindfaldur

Er fyrir ósýnilega falda á meðalþykkum efnum.

Efni: Ullar eða önnur meðalþykk efni.



Brjótið efnið eins og myndin sýnir. Fullvisið ykkur um að brotbrúnn renni meðfram hægri stýringunni á blindföldunarfætinum D.





Lækkið saumfótinn og stígið á fótmótstöðuna.

Þegar nálin sveiflast yfir til vinstri á hún aðeins að rétt grípa í einn þráð úr brotbrúninni á efninu.

Ef nauðsyn krefur, er sporbreiddinni breytt þannig að nálin rétt nái í einn þráð úr brotbrúninni og gerið það með því að snerta + eða - á sporbreiddarhnöppunum.

Faldur

Fyrir venjulega falda mælum við með beinu spori fyrir ofin efni, leður og plastefni, og teygjanlegt beint spor fyrir teygjanleg efni.

Faldur á gallabuxum

Þegar saumað er yfir þversauga á mjög þykkum efnum eins og t.d. gallabuxum, getur fóturinn hallast of mikið þegar hann er að reyna að fara yfir þversauminn, nálin getur rekist í hann og brotnað. Notið jöfnunarplötuna þegar þið farið yfir mjög þykka þversauga.

Efni: Gallabuxnaefni



Önnur hlið jöfnunarplötunnar er þykkari en hin hliðin. Notið þá hlið sem hentar fyrir þá þykkt sem þið eruð að sauma yfir.



Teygjanlegur faldur

Efni: Meðalþykk teygjanleg efni



Brjótið faldinn inn á rönguna og saumið síðan með flatlock saum á réttunni. Klippið umfram efnið frá á röngunni.

Notið þessa tækni einnig fyrir beltasprotu.



Faldur á teygjanleg efni og saumur einnig notaður fyrir beltasprotu.



Rennilás í miðju

Efni: Meðalþykk ofin efni

715 / 735	755
B  1	 1:02

Saumið tvo saumhlutana saman með 15 mm saumfari upp að þeim stað þar sem rennilásinn á að koma.

715 / 735	755
B  4	 1:07

Þræðið staðinn sem rennilásinn á að koma saman. Strauið sauminn út. Staðsetjið rennilásinn við straujaða saumfarið.


715 / 735	755
 B  1:05	 1:08

Fjarlægið saumfótinn. Stillið sporbreiddina á 6 mm til að “hefta” rennilásinn á sinn stað. Stillið fótþrýsting á 2. Takið flytjarann úr sambandi með því að snúa snerlinum á frírminum á . Færið efnið og saumið heftispor til að halda rennilásnum á sínum stað.

Setjið flytjarann aftur í samband með því að snúa snerlinum á  og flytjarinn kemur sjálfkrafa upp þegar byrjað er að sauma.

Saumað:

- Á Platinum 715/735 veljið þið beint spor og stillið sporbreiddina á 6.0 fyrir vinstri nálarstöðu og beint spor.
Á Platinum 755, veljið þið saum 1:01.
- Stillið vélina síðan í samræmi við ráðleggingar á skjánum.
- Þessi fótur er tvöfaldur svo að hægt er að setja hann á fóthölduna þannig að nálin stingi niður annaðhvort vinstra eða hægra megin í fótinn. Smellið fætinum E þannig á fóthölduna að hann sé hægra megin við nálina.





- Staðsetjið efnið nú þannig undir fótinn að réttan snúi upp, lækkið saumfótinn og stígið á fótmostöðuna.
- Byrjið á því að sauma þversum fyrir lásinn að neðan, Snúið efninu og saumið upp eftir hægri hlið lássins.
- Til að koma í veg fyrir að efnið misfærist eitthvað, þá er best að sauma vinstri hliðina í sömu átt. Smellið fætinum nú þannig á fóthölduna að hann sé vinstra megin við nálina. Snertið  fyrir hægri nálarstöðu og beint spor.
- Byrjið á því að sauma þvert fyrir lásinn að neðan, snúið síðan efninu og saumið upp eftir vinstri hliðinni.
- Fjarlægið heftingarnar og þræðisporin.

Ath: Til að stilla staðsetningu saumfarsins getið þið stillt nálarstöðuna til í fætinum. Snertið sporbreiddartakkana - (mínus) til að færa nálina nær miðjunni.



Hnappagöt

Í vélinni getið þið valið um margar gerðir af hnappagötum. Veljið hnappagöt með heftingum sitt hvoru megin fyrir flestar gerðir efna, en augahnappagöt fyrir jakka.

Með því að nota hnappagatafótinn með nemanum, sem malir lengdina um leið og saumað er, þá tryggjið þið að öll hnappagötin í sömu flíkina verða af sömu stærð.

Hnappagat með hnappagatafæti með nema (Platinum 735/755)

Með því að nota þennan fót, tryggjið þið að öll hnappagötin verði af sömu stærð.

Efni: Meðalþykk ofin efni með undirleggi

715 / 735	755
B  7 	 1:29

Smellið hnappagatafætinum með nemanum á fótstöngina. Tengid snúruna frá honum við tengilinn sem er neðan til vinstra megin á saumavélahausnum (a). Gætið þess að hvíti flöturinn á hjólinu á fætinum sé á móts við hvítu línuna á fætinum.

Á upplýsingaskjánum (b) er tákn sem gefur til kynna að fóturinn sé tengdur við vélina.

Veljið þá stærð sem þið viljið nota (c) fyrir þá tölu sem þið notið og notið mælistikuna.

Algengustu stærðir á tölum eru: 16 mm, 20 mm, og 24 mm. Hámarks stærð á tölum þegar hnappagatafóturinn með nemanum er notaður er 50 mm. Þegar vélin saumar gerir hún sjálfkrafa ráð fyrir því að hnappagatið verði nógu langt fyrir viðkomandi tölu. Tölustærðir eru stilltar í 2 mm þrepum.


Margar pakkningar utan um tölur gefa upp stærð þeirra, en þið getið einnig notað mælistikuna fyrir tölustærðirnar (d).



Hnappagöt með tveimur heftingum henta fyrir flest efni.



Augahnappagöt með þversum heftingu henta fyrir jakka, kápur o.s.frv.



Tengill fyrir hnappagatafót með nema



b



c



Lengd hnappagatsins getur verið mismunandi eftir þykkt og gerð tölunnar sem þið ætlið að nota. Saumið því alltaf prufuhnappagat áður en þið saumið þau á flíkina sjálfa.



Hnappagatið saumað:

- Brjótið efnið og setjið undirlegg á milli laganna.
- Merkið fyrir staðsetningu hnappagatsins á efnið.
- Setjið efnið undir hnappagatafótinn með nemanum. Hægt er að lyfta mælihjólinu á fætinum þannig að auðveldara sé að setja efnið undir fótinn.


Notið merkingarnar á vinstri tá hnappagatafótsins til að staðsetja jaðar efnisins. Stílið jaðar efnisins á móts við mið merkið á fætinum til að hafa 15mm. fjarlægð frá jaðri að hnappagatinu.

- Lækkið hnappagatafótinn og stígið á fótstöðuna. Vélin saumar nú beint spor afturábak, sem er vinstri leggur hnappagatsins, síðan saumar hún mjó flatsaumsspor áfram. Þetta er endurtekið fyrir hægri legginn. Heftingarnar eru saumaðar sjálfkrafa (sjá mynd 1). Vélin stöðvast svo sjálfkrafa þegar hún hefur lokið við hnappagatið.


Ath: Þegar þið saumið hnappagöt sem ekki eru saumuð með flatsaumssporum, eða þegar þið saumið með hnappagatafæti C, þá er aðferðin öðruvísi (það eru engin bein spor). (Sjá mynd 2)



1. Saumaátt fyrir flatsaums hnappagöt saumuð með hnappagatafæti með nema



Merkin á vinstri tánni gefa til kynna 15 mm að brún hnappagatsins



2. Saumaátt fyrir hnappagöt án flatsaums hnappagata eða flatsaums hnappagöt saumuð með hnappagatafæti C



Hnappagöt saumuð þrep fyrir þrep

Notið þessa aðferð þegar staður efnisins er of mjór og/eða ójafn fyrir hjólið á hnappagatafætinum með nemanum.

- Veljið gerð hnappagats og smellið hnappagatafæti C á fóthölduna.
- Þegar þið byrjið að sauma hnappagatið, saumar vélin vinstri legginn afturábak. Hnappagatafóturinn er með viðmiðunarlínur til að ákvarða lengd hnappagatsins. Notið viðmiðunarlínurnar á vinstri tá fótarins til að ákvarða fjarlægðina frá jaðri efnisins. Þegar hnappagatið er komið í rétta lengd, snertið þið . Vélin heftir fyrri heftinguna á hnappagatinu og saumar síðan hægri legginn.
- Snertið  til að hefta seinni heftinguna. Stígið áfram á fót móttöðuna þar til vélin hefur heftað tvinnnaendana og stöðvast sjálfkrafa. • Til að endurtaka fleiri hnappagöt í sömu stærð ýtið þið á **STOP** til að vista stillingarnar.



Merkin á vinstri tánni gefa til kynna 15 mm að brún hnappagatsins

Þéttleiki hnappagatanna

Til að breyta þéttleika sporanna í leggjum hnappagatsins, aukið þið sporlengdina (+) til að gera leggina gisnari. Minnkið á hinn bóginn sporlengdina (-) til að gera sporin í leggjum þéttari. Þetta hefur áhrif á báða leggi hnappagatsins.

Hnappagöt með undirleggsþræði (Teygianleg efni)

Þegar þið saumið hnappagöt á teygjanleg efni þá er ráðlegt að hafa undirleggsþræð undir leggjum til að auka á styrkleika þeirra og koma í veg fyrir að það teygist á þeim.


- Bregðið lykku af grófum tvinna eða þrögum um krókinn aftan á hnappaga-





tafætinum með nemanum eða á hnappa-gatafæti C.

- Saumið hnappagat. Togið ekki í undirleggsþráðinn. Flatsaumurinn í leggjunum saumast yfir undirleggsþráðinn.
- Hættið að sauma áður en vélin saumar seinni heftinguna og látið nálina vera ofan í efninu og lyftið undirleggsþráðinum af króknum og togið hann fram á við.
- Krossið undirleggsþráðinn fyrir framan nálina og saumið seinni heftinguna yfir þráðinn.
- Þræðið enda undirleggsþráðarins í grófa nál, þræðið þá niður á röngu efnisins og hnýtið endana þar áður en þið klippið þá í burtu.



Hnappagötin opnuð

Best er að opna hnappagötin með spret-tíhnið. Byrjið við aðra heftinguna og skerið að miðju hnappagatinu, en skerið síðan frá hinni heftingunni til baka að miðjunni. Á þennan hátt komið þið í veg fyrir að skemma heftingarnar.

Töluáfesting


Til að festa tölur, smellur, lykkjur og króka á auðveldan hátt.

Efni: Meðal ofin efni

715 / 735	755
 1:05	 1:28

Smellið saumfætinum af vélinni og takið flytjarann úr sambandi með því að snúa snerlinum á fríarminum á .

Notið jöfnunarplötuna til að búa til tvinnafót á töluna.






Á Platinum 715/735, stillið þið sporið þannig að sporlengdin sé á 0.0 og sporbreiddin sé á 3.0. Stillið tvinnaspennuna á 4 og þrýsting á saumfót á 6. Á Platinum 755, er saumurinn fyrir töluáfestingu sjálfvirkt stilltur á 3 mm á milli gatanna*.

Saumað:

- Setjið þynnri enda jöfnunarplötunnar undir töluna þegar þið festið tölur á þynnri efni, Festið hana t.d. með glæru límbandi. Notið þykkari endann fyrir þykkari efni.
- Setjið töluna undir fóthölduna og látið götin á tölunni snúa eins og nálstöngin sveiflast. Athugið hvernig nálstöngin sveiflast með því að snerta hnappinn fyrir hliðarspeglun  til að fullvissa ykkur um að nálin muni ekki rekast í sjálfa töluna. Snúið handhjólinu þar til nálin er komin ofan í annað gatið á tölunni til að fullvissa ykkur um að hún stingi á réttan stað.
- Zik Zakið nú töluna á sinn stað með sex til átta sporum.
- Snertið  til að hefta fyrir sauminn. Snertið  til að endurtaka fyrir næstu tölu.
- Setjið flytjarann aftur í samband þegar þið hafið lokið við að festa tölurnar.

* Breidd zik zak sporanna er stillt fyrir algengustu tölur. Ef þið festið mjög litlar tölur eða mjög stórar tölur, þá gætuð þið þurft að minnka (-) eða auka (+) sporbreiddina þannig að sveiflan á nálinni hitti í götin á tölunum.

UMHIRÐA PLATINUM VÉLANNA





Skipt um peru





Slökkvið á aðalrofanum.

Notið eingöngu ljósaperur af sömu gerð og gefnar eru upp framan á vélinni (12V, 5W). Þær fást t.d. hjá umboðsaðila Husqvarna.

- 1 Setjið peruskiptirinn með stærri holuna, merкта OUT, utan um peruna.

Snúðið perunni EKKI - togið hana bara úr perustæðinu til að fjarlægja hana.

- 2 Þegar þið setjið nýja peru í vélina setjið þið peruna í grynna endan peruskiptisins, sem er merktur IN. Setjið nýju peruna í með því að þrýsta henni inn í perustæðið.





Umhirða vélarinnar

Til að vélin verði ykkur til ánægju er nauðsynlegt að þrifa hana reglulega. Það þarf hins vegar aldrei að smyrja hana.



Slökkvið á aðalrofanum.

Hreinsun

Þurrkið vélina utanverða með mjúkum þurrum klút til að hreinsa allt ryk og ló.

Hreinsið í kring um gríparasvæðið

Fjarlægið saumfótinn og rennið lokinu yfir gríparanum af. Takið flytjarann úr sambandi. Setjið áhaldið til að fjarlægja stingplötuna á burstann og síðan í raufina sem er aftan við stingplötuna. Snúið áhaldinu til að smella stingplötunni af sínum stað. Hreinsið flytjaratennurnar með burstanum.

Hreinsið undir gríparasvæðinu



Þegar ló safnast saman þarf að hreinsa svæðið undir gríparanum.

Fjarlægið hölduna fyrir spóluhúsið (1) sem er yfir fremri hluta spóluhússins (2). Fjarlægið spóluhúsið með því að lyfta því upp. Hreinsið allt með burstanum.

Setjið spóluhúsið og hölduna fyrir það aftur á sinn stað.

Stingplatan sett aftur á sinn stað

Með flytjarann enn úr sambandi, staðsetjið þið stingplötuna ca. 5mm frá aftari brúninni og ýtið henni aftur á bak og niður á við. Rennið lokinu aftur yfir gríparann. Setjið flytjarann aftur í samband.





Gangtruflanir og ráð við þeim

Í hvert sinn sem einhver vandræði koma upp þegar þið eruð að sauma:

- Setjið þá nýja nál í nálarhölduna af þeirri gerð og grófleika sem mælt er með á skjánum.
- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinnann.
- Notið aðra stöðu fyrir keflispinnann (lóðrétta eða lárétta)
- Notið net yfir tvinnann og munið aðeins gæðatvinna. Við mælum almennt með því að nota sama tvinna sem yfir og undirtvinna þegar þið eruð að sauma almenna sauma. Fyrir skrautsauma mælum við hins vegar við með útsaumstvinna sem yfirtvinna og sérstökum undirtvinna fyrir útsaum.

Efnið rykkist?

- Athugið nálina, hún gæti verið skemmd.
- Setjið nýja nál í nálarhölduna og af sömu gerð og grófleika og mælt er með á skjánum.
- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinna.
- Skiptið um tvinna og notið tvinna sem hentar verkefninu og saumatækninni.
- Notið aðeins gæðatvinna.
- Styttið sporlengdina.
- Notið undirlegg undir efnið.
- Athugið tvinnaspennuna.

Vélin hleypur yfir?

- Athugið nálina, hún gæti verið skemmd.
- Athugið að þið séuð með rétta nál og grófleika.
- Fullvissið ykkur um að nálin sé rétt sett í nálarhölduna, alla leið upp og flati kanturinn frá ykkur.
- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinna.

- Notið ráðlagðan saumfót.
- Slökkvið og kveikið aftur á vélinni til að endurstilla hana.
- Hafið samband við umboðsaðilann.

Nálin brotnar?

- Gætið þess að toga ekki í efnið þegar saumað er.
- Setjið nýja nál af þeirri gerð og grófleika sem mælt er með á skjánum.
- Setjið nálina rétt í vélin eins og lýst er á bls. 12.

Léleg tvinnastilling?

- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinnann.
- Setjið nýja nál af þeirri gerð og grófleika sem mælt er með á skjánum.
- Farið eftir leiðbeiningum með tvinnaspennuna.
- Farið eftir leiðbeiningum um undirleggsefni.

Yfirtvinninn slitnar?

- Rennur tvinninn frjállega og án þess að eitthvað togi í hann?
- Notið net yfir tvinnann og munið - aðeins gæðatvinna. Ef þið eruð að nota sérstakan tvinna eins og t.d. málmtvinna, þá farið eftir þeim leiðbeiningum sem gefnar eru upp í handbókinni.
- Annan nálargrófleika og tegund eins og mælt er með á skjánum.
- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinna - athugið að þræðingin sé rétt.
- Notið aðra stöðu fyrir kelfispinnann (lárétta eða lóðrétta).
- Ef nálargatið í stingplötunni er skemmt eða mjög rispað er nauðsynlegt að skipta um stingplötuna.



- Er rétt skífustærð notuð við viðkomandi tvinnakefli?

Efnið færast ekki?

- Er flytjarinn í sambandi.
- Lengið sporlengdina.

Undirtvinninn slitnar?

- Spólið á nýja spólu.
- Skiptið um spólu í vélinni. Athugið hvort undirtvinninn sé rétt þræddur sjá bls. 10.
- Ef stingplatan er skemmd - þá þarf að skipta um hana.
- Hreinsið spólusvæðið.

Spólarinn spólar óreglulega á spóluna?

- Yfirfarið þræðinguna fyrir spólarann.

Rangur saumur, óreglulegur eða of mjór?

- Slökkvið og kveikið aftur á vélinni til að endurstilla hana.
- Skiptið um nál, endurþræðið yfir og undirtvinna.
- Notið undirlegg undir efnið.

Vélin saumar hægt?

- Athugið hraðastillinguna.
- Takið stingplötuna af og hreinsið í kring um spólusvæðið og flytjarann.
- Látið umboðsaðilann líta á vélina.

Vélin saumar ekki?

- Athugið að spólarinn sé í efri stöðu.
- Athugið að allir tenglar séu fyllilega í tenglum vélarinnar.
- Athugið hvort rafmagn sé á vegg tengli.
- Látið umboðsaðilann líta á vélina.

Ójöfn hnappagöt?

Það getur verið nauðsynlegt þegar verið er að sauma á erfið efni, að stilla jöfnun í hægri og vinstri legg hnappagatsins. Til að jafna út sporþéttleika í hægri legg



hnappagatsins, snertið það örvarhnappana samtímis þar til táknið fyrir jöfnunni er sýnilegt á skjánum. Notið sporlengdarhnappana til að stilla jöfnunina. Með (-) verða sporin í hægri legnum þéttari eða nær hvort öðru en með (+) verða þau gisnari eða meira bil á milli þeirra. Með því að snerta **CLR** hnappinn fer vélin aftur á sporlengdar aðgerð. Stillingin fyrir jöfnun á hnappagati verður áfram í vélinni þar til slökkt er á henni.

Ath: Það er aðins hægri leggurinn sem er stilltur. Stillið hann í samræmi við vinstri leggin.

Látið þjónustuna hjá umboðsaðilanum fara reglulega yfir vélina ykkar !

Ef þið hafið farið eftir þeim ráðleggingum sem við gáfum hér og hafið samt sem áður vandamál, er best að fara með vélina til umboðsaðilans. Ef þið eigið við eitthvert ákveðið vandamál að stríða, er alltaf gott að láta saumaða prufu fylgja með. Slík saumuð prufu segir oft miklu meira en mörg orð.

Notið alltaf og eingöngu “original” varahluti og fylgihluti frá Husqvarna.

Ábyrgð vélarinnar fellur niður ef notaðir eru aðrir en “original” hlutir frá Husqvarna í vélina.



Yfirlit

Aðal keflispinni	6	Innbyggð minni	19,29
Aðgerðarhnappar	18	Ístopp	40
Aðgerðir	19	Jöfnunarplata	41
FUNC	19	Keflispinnar	6, 7
NORM	19	Leður	23
PROG	19	Menu (valmyndir)	20, 21
REP	19	Minnin	19, 29
Afturábak saumur	18	Mótstaðan tengd	4
Auka keflispinni	7	Nálar	12,18,36
Beint spor	35	Nálarstöður	36
Eldingaspor	35	Nálin uppi/niðri	18
Endaspeglun	19,32	Nálin þrædd	8
FIX	18	NORM	19
Flytjarinn	16	Nytjasaumar	20, 33-48
Forritun	29-32	Ofin efni	22
Fótyftir	14	Þrjónuð efni	22
Fótmótstaðan	4, 5	PROG	19, 29
FUNC	19	Rennilásar	42
Fylgihlutum komið fyrir	5	REP	19
Gangtruflanir og ráð	52-53	Rétt tvinnastilling	15
Gengið frá að saum loknum	5	Rykking	37
Gríparasvæðið	51	Röng tvinnastilling	15
Hliðarspeglun	19, 32	Saumar og stafir	31
Hnappagöt		Saumavalmynd	20
fótur m/nema	3,14,44	Saumfætur	13
jafnvægi	53	Saumhraði	18
með undirleggsþræði	46	Skemmd nál	12
mælistika	45	Skipt um nál	12
opnuð	47	Skipt um peru	50
Þéttleiki	46	Skipt um saumfót	14
Þrep fyrir þrep	46		
Hólf fyrir fylgihluti	3, 5		
Hraði á vél	18		
Hreinsun á vél	51		



Skrautsaumar	20	Þræðing á tvíburanál	9
Speglun	19, 32	Þræðing á yfirtvinna	7
Sporbreidd	18		
Sporlengd	18		
Spólað á spóluna	10	Örvarhnappar	19
Spólað í gegn um nálina	11		
Spólan sett í vélina	10		
Spólusvæðið	51		
Stafir og saumar	31		
Stafróf	21		
Stiling á saumaröð	32		
Stingplatan	51		
STOP	18, 30		
Styrkt beint spor	38		
T ákn á skjánum	25, 27		
Teygjanlegt spor	35		
Truflanir og ráð við þeim	52-53		
Tuttugu og fimm nálarstöður	36		
Tvinnaspennan	15		
Tvíburanál	9		
Töluáfesting	47		
U mhirða Platinum véla	49-51		
Útlínu blokk-stafir	21		
Y firtvinninn þræddur	7		
V al á saumum	20		
Valmyndir	19		
saumar	20		
stafróf	21		
Vélin tengd	4		
Vélin þrædd	7		
Z ik Zak	38		
Þ rýstingur á saumfót	14		
Þræðari fyrir nál	8		
Þræðing á efnum	37		

